

## Fundargerð ræktunarstjórnar 23. ágúst 2017

Mættir eru: Erla Heiðrún Benediktsdóttir, Guðrún Rakel Svandísardóttir, Jens Magnús Jakobsson, Kristján Smári Smáráson og Þórhallur Atlason.

- 1) Fundur settur.
- 2) Farið yfir síðustu fundargerð.
- 3) Cataract mál enn í vinnslu en búið er að hafa samband við dýralæknana sem koma og augnskoða hér heima og mun Erla Heiðrún fá tíma til að ræða við hann í sept n.k.
- 4) Búið að að festa kaup á vöktunarkerfi fyrir rafmagn vegna frystikista í Sólheimakoti. Verið er að ath að fá rafvirkja til að tengja kerfið.
- 5) Ekki fást styrktaraðilar vegna dummya til deildarinnar og telst mál vera afgreitt.
- 6) Vegna anna hjá dómurum þarf að aflýsa workingtesti sem átti að halda 29. ágúst nk.
- 7) Hlýðniprof sem átti að halda fyrr í ágúst var frestað til 18. sept. Albert Steingrímsson dómari.
- 8) Olgeir Gestsson boðaði stjórn og formenn nefnda til fundar 9. ágúst sl. Þar var fjallað um nýja sýn á heimasíðu deildarinnar og nauðsýn þess að fá annan aðila til að hýsa hana.

Málið er í vinnslu hjá Olgeiri og mun upplýsa stjórn um framvindu mála.

Önnur mál:

1. Tilskipun dómarráðs. Dómarráð er skipað til eins árs í senn. Jens Magnús Jakobsson hefur setið sem fulltrúi stjórnar s.l. ár og gefur ekki kost á sér áfram. Heiðar Sveinsson er tilnefndur að taka við sem fulltrúi stjórnar í dómarráði og samþykktur af stjórn. Verið er að ath. hvort það verði breytingar á dómurum í dómarráði.

2. Umsókn barst um dómaraám á veiðiprófum, umsókn samþykkt og send áfram til dómaraáðs.
3. Kom vel út að hafa sýningarskrá á deildarsýningunni á netinu. Eins var mjög gott að hafa 2-3 útprentaðar og plastaðar sem voru tiltækar við sýningahringinn. Samþykkt að hafa þetta svona framvegis.
4. Búa til gátlista/verklagsreglur fyrir deildarviðburðinn, verður tekið upp við sýningarnefnd.

F.h. Ræktunarstjórnar,

Guðrún Rakel Svandísardóttir